

Gróðurframvindurannsóknir á Skeiðarársandi



Hópur 4

Gerður Arna Guðjónsdóttir

Guðmundur Kristján Sigurðsson

Hafþór Snorrason

Hera Sól Hafsteinsdóttir

Inga Kristín Aðalsteinsdóttir

Lýsing á tilgangi ferðar

Tilgangur með ferð okkar á Skeiðarársand var að fylgjast með gróðurframvindu, sem fólst í því að telja, mæla lengd plantna og árssprota, merkja plönturnar, skoða dýralífið, umhverfið, ummerki skordýra og fleira athyglisvert.

Ferð lýst

Við lögðum af stað 8:15 frá FAS og keyrðum út á Skeiðarársand. Þegar að við komum þangað var töluverður strekkingur úti eða 10-15 metrar á sekúndu. Tekin var hópmynd og hver hópur fékk poka sem innihélt 2 spotta, 2 tommustokka, skjatta, myndavél, lambamerki, lambamerkjatöng og vír. Við löbбуðum ásamt Hjördísi að reit númer 4, þar útskýrði hún fyrir okkur hvað við ættum að gera inn í tilteknum reit og í hvaða röð við ættum að gera það. Fyrsta skref var að taka mynd. Einn stóð fyrir utan reitinn á merktum stað og tók mynd á meðan hinir hópmeðlimir stóðu í kringum reitinn. Þessa mynd má sjá á forsíðunni.

Mæliaðferðir

Þá kom að því að telja plönturnar, við mældum með 50 sentímetra millibili og töldum plönturnar í hverju 50 sentímetra bili fyrir sig. Þessir 50 sentímetrar voru mældir með 2 spottum þar sem að 2 hjálpuðust að halda á spottunum. Eftir að talningu var lokið kom að því að mæla lengd plantna, árssprota þeirra og gá að því hvort að einhver ummerki væru eftir skordýr eða önnur dýr, mælingin fór fram með tveimur tommustökkum. Þegar að búið var að mæla allar plönturnar fjarlægðum við gömlu númerin, lássum á þau, skrifuðum niður gömlu númerin ef að möguleiki var á og settum síðan ný merki í staðinn. Plöntur sem voru lægri en 10 sentímetrar voru ekki merktar.

Niðurstöður hópsins


Birkiplöntur sem voru inn í reitnum voru 15 sem er sama fjöldi og árið áður. Víðiplöntur voru alls 17 en einungis 6 þeirra voru yfir 10 sentímetrum; við mældum ekki þær sem voru undir 10 sentímetrum. Skófir á grjóti voru ekki sýnilegar en hlutfall gróðurþekju inn í reitnum var sirka 80% , þess má geta að mikil aska var inn í reitunum. Mosi var víða í reitnum og var

hann 70% af gróðurþekjunni (Mosi og annar gróður á að vera alls 100% en ekki 90%). Á stærri birkiplöntunum var mikið af lirfum (stærstu náðu 4 sentímetrum). Mikill strekkingur var og hiti náði mest 8 gráðum. Í reitnum fundum við nokkrar aðrar tegundir blómplöntutegunda s.s. krækiberjalyng, blóðberg og beitilyng. Aðalvandamálið sem kom upp var að það gleymdist að telja plöntur sem vantaði gömul merki á.




4cm lirfa – það sést vel hvað lirfur hafa étið af plöntunni.

Stærðir ársprota í reit 4




Meðaltalshækkun: 10,8cm.

Hækkun birkiplantna á árunum 2012-2013 í reit 4.



Meðaltalshækkun: 10,2cm.

Hækkun víðiplantna á árunum 2012-2013 í reit 4.



Meðaltalshækkun: 1.4cm.

Heildarniðurstöður

Við sáum greinilega að mikil framför eru í reit 4. Það sést greinilega á niðurstöðum mælinga að plönturnar aðallega birkiplönturnar eru að stækka mikið frá ári til árs. Meira er af lirfum og öðrum skordýrum heldur en á fyrri ár. Í heild sinni var verkefnið mjög fróðlegt og væri gaman að fá að vinna slíkt verkefni aftur.